

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 7 – 2022

Staður: Teams og Hvanneyri

Tími: Mánudagur 30. maí 2022 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Halldór Þorgeirsson, Guðveig Lind Eyglóardóttir, Ragnhildur Helga Jónsdóttir, Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson, Jóhannes Sveinbjörnsson. Torfi Jóhannesson boðaði forföll og ekki náðist að fá varamann í hans stað. Christian Schultze rannsókn- og alþjóðafulltrúi kom inn á fundinn undir 6. lið.

1. Skipun í jafnréttisnefnd

Tillaga um að skipa Eyjólf K. Örnólfsson, Gunnhildi Guðbrandsdóttur og Bergþóru Þórarinsdóttur (fulltrúi nemenda).
Samþykkt samhljóða.

2. Skipun í gæðanefnd

Tillaga um að skipa Guðmundu Smáradóttur, Önnu Björk Haraldsdóttur og Gunnhildi Gísladóttur (fulltrúi nemenda).
Samþykkt samhljóða.

3. Uppfærsla á jafnréttisáætlun

Skjöl frá jafnréttisnefnd voru lögð fram til kynningar á síðasta fundi. Um er að ræða uppfærða stefnu í takt við nýrri lög.

Samþykkt samhljóða.

Jafnframt voru kynnt viðbrögð við einelti, kynferðislegu - og kynbundnu áreiti. Þetta skjal þarf að vera sýnilegt fyrir nemendum og starfsmönnum.

Háskólaráð samþykkir framlagða viðbragðsáætlun við einelti, kynferðislegu - og kynbundnu áreiti.

4. Akademísk gestastörf

Tillaga lögð fram til umræðu og mögulega afgreiðslu. Lbhlí þarf að hafa rýmri reglur en HÍ, vegna þess að litlar stofnanir geta átt í erfiðleikum með að manna stöðum; því sé þetta kostur fyrir Lbhlí að hafa slík akademísk gestastörf.

Umræða var um hvort samningar ættu að vera til þriggja eða fimm ára, en samþykkt að hafa þá til þriggja ára.

Lagt til að opna orðalag, þannig að fjöldinn sé að jafnaði ekki meiri en 25% af heildarfjölda akademísku starfsfólks.

Samþykkt að ganga frá verklagsreglunum með þessum breytingum.

5. Starfsskyldur akademískra starfsmanna

Drög að reglum voru kynnt og rædd á síðasta fundi og send til umsagnar í deildum. Afgreiðslu frestað.

6. Alþjóðastefna

Christian Schultze kom inn á fundinn og ræddi uppfærða alþjóðastefnu. Helsta sem bætt er við að áherslan er á evrópskt samstarf, en líka tenging í gegnum GRÓ-LRT, og jafnframt er lítilsháttar samstarf í gegnum Fulbright til Vesturheims.

Mikilvægt að starfsmenn fái hvatningu til að uppfylla þessa stefnu. Líka vekja athygli á hvernig þetta tengist meginstarfsemi skólans, t.d. hvernig íslenskur landbúnaður getur

hagnast af svona alþjóðlegri þátttöku. Það ætti að horfa til þátttöku í þessu í árangursmati starfsmanna.

Stefnan samþykkt samhljóða.

7. **Samantekt á starfsemi háskólaráðs 2021-2022** [kl 14:30-14:45]

Skýr samantekt á starfi ráðsins liðið ár var kynnt.

8. **Mál lögð fram til kynningar**

- a. Nýir fulltrúar starfsmanna í háskólaráði 2022-2024 (Jóhannes Sveinbjörnsson og Haukur Þórðarson aðalmenn / Jóhanna Gísladóttir og Áshildur Bragadóttir varamenn)
- b. Fulltrúi nemenda í háskólaráði 2022-2024 (Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson aðalmaður og Aníta Ýr Atladóttir varamaður)
- c. Ársfundur Lbhí var haldinn 20. maí og var mjög vel heppnaður. Sömuleiðis var háskólafundur þann sama dag, þar sem hófst umræða um framtíðarplön varðandi fasteignir og innviði.

9. **Önnur mál**

- a. Minnt er á nauðsyn þess að ferilskrár starfsmanna verði settar inn á nýja heimasíðu skólans.
- b. Markaðssókn fyrir Mið-Fossa. Nauðsynlegt er að fara í öflugra markaðssókn til að nýta þá aðstöðu sem er þarna og þarf að vera starfsmaður sem hefur það verkefni á sinni könnu.
- c. Staða í umsóknum um skólavist. Komnar eru færri umsóknir en síðustu ár en vonandi glæðist það á næstu dögum.
- d. Staðan varðandi ráðningar í Landslagsarkitektúr rædd. Mikilvægt er að halda mjög góðum tengslum við fagfélög greinarinnar.
- e. Fulltrúa nemenda þökkuð þátttaka í vinnu við sjálfsmatsskýrslu í Gæðaúttekt háskólanna.
- f. Samstarfsnefnd háskólastigsins mun funda á Hvanneyri um miðjan júní. Halldór vekur athygli á að sú nefnd þarf að skipa fulltrúa í Loftslagsráð.

Fundi slitið 14:50

Ragnhildur Helga Jónsdóttir ritaði fundargerð.